

Reykjavík, 6. desember 2001.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Alþingi,  
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, 10. mál.

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna hefur borist beiðni yðar um umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð sjómanna, 10. mál, sbr. bréf yðar dags. 9. nóvember sl. Í frumvarpinu er lagt til að iðgjöld atvinnurekenda til sjóðsins verði hækkuð úr 6% í 8%.

Umsögn sjóðsins er tvískipt, annars vegar umsögn fulltrúa samtaka sjómanna í stjórn sjóðsins og hins vegar fulltrúa samtaka atvinnurekenda. Umsagnirnar fara hér á eftir:

Umsögn fulltrúa samtaka sjómanna: “Fulltrúar samtaka sjómanna í stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna taka undir framgreint lagafrumvarp. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það vantaði um 2.185 milljónir króna eða 3,2% til þess að eignir sjóðsins gætu staðið undir skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati miðað við árslok 1999. Tryggingafræðilegt mat miðað við stöðu á árslok 2000 leiddi hins vegar í ljós að hallinn var orðinn 4.494 milljónir króna eða 6% af framtíðarskuldbindingum sjóðsins og horfur eru á að staðan muni enn versna á yfirstandandi ári.

Fulltrúar samtaka sjómanna í stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna vilja áréttta fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, að á árunum 1978-1982 voru margar kjaradeilur á vinnumarkaði leystar með svonefndum “félagsmálapökkum”. Félagsmálapakki til sjómanna var aukinn lífeyrisréttur frá 60 ára aldri eftir 25 ára sjómannsstarf, sem Alþingi samþykkti samhljóða 1981. Þrátt fyrir þessa samþykkt Alþingis var ekki búið um hnútana þannig að lífeyrissjóðir sjómanna gætu staðið við þessar auknu skuldbindingar. Lífeyrissjóðir sjómanna hafa núna sjálfir beitt sér fyrir afnámi þessara sérstöku lífeyrisréttinda án þess að nokkrar bætur hafi komið í staðinn.

Með hliðsjón af framangreindu telja samtök sjómanna að ábyrgð Alþingis sé afar rík í þessu máli og ætti þess vegna að afgreiða lagafrumvarpið eins og lagt er til.”

Umsögn fulltrúa samtaka atvinnurekenda: “Stjórnarmenn í Lífeyrissjóði sjómanna, sem tilnefndir eru af atvinnurekendum viðurkenna nauðsyn þess að tryggja stöðu sjóðsins. Þrátt fyrir að grípa hafi þurft til skerðinga á lífeyrisréttindum sjóðfélaga nú síðustu árin, eru lífeyrisréttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs sjómanna með þeim hæstu, sem óopinberir sjóðir greiða sínum sjóðfélögum. Það er rétt sem fram kemur í greinargerð flutningsmanns frumvarpsins, að greiðslur örorkulífeyris sjóðsins eru hlutfallslega mjög háar, sem leiðir af eðli starfa sjómanna. Að sjálfsögu hafa þessar háu greiðslur örorkulífeyris veruleg áhrif á stöðu sjóðsins.


Þrátt fyrir að fulltrúar samtaka atvinnurekenda viðurkenni nauðsyn þess að treysta stöðu sjóðsins lítum við þannig á, að aðilar þeir sem sömdu upphaflega um stofnun Lífeyrissjóðs sjómanna verði að ná í samningum sín á milli samkomulagi um það á hvern hátt greiðslum iðgjalda atvinnurekenda til Lífeyrissjóðs sjómanna er háttað.

Þess skal getið, að verði frumvarpið sem hér um ræðir að lögum myndi það þýða aukinn launakostnað atvinnurekenda sem greiða iðgjöld til sjóðsins af starfsmönnum sínum sem nemur um kr. 340 milljónum á ári m.v. iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna á árunum 1999 og 2000.

Með vísan til ofanritaðs geta stjórnarmenn í Lífeyrissjóði sjómanna sem tilnefndir eru af atvinnurekendum ekki fallist á breytingu þá sem frumvarpið gerir ráð fyrir”.

Hér að framan hefur verið lýst þeim tveimur umsögnum sem Lífeyrissjóður sjómanna gefur í máli þessu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna



Arni Guðmundsson framkvæmdastjóri